



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS
Samvinna - þekking - árangur

Verklegt val í VA

Haustönn 2023

Birgir Jónsson
Gæðastjóri

Mýrargötu 10
740 Fjarðabyggð
Netfang: va@va.is
Heimasíða: www.va.is
Sími 477 1620
Fax: 477 1852



Efnisyfirlit

Könnun á <i>Verklegu vali</i> í VA haustönn 2023	1
10. bekkur.....	1
Í hvaða valgreinum varst þú?	1
Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?	1
Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?	2
Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið	4
Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?	6
9. bekkur.....	6
Í hvaða valgreinum varst þú?	6
Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?	6
Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?	7
Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið	9
Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?	10

Könnun á Verklegu vali í VA haustönn 2023

Verkefnið *Verklegt val í VA* hófst haustið 2021 og hefur verið með svipuðu sniði síðan.

Nemendur í 9. og 10. bekk í grunnskólum Fjarðabyggðar völdu sér tvær greinar sem þeir lögðu stund á eftir hádegi á fimmtudögum í alls sextán kennslustundir í hvorri grein eða í átta skipti. Einni grein var bætt við frá fyrra ári en það var listakademía. Greinarnar sem boðið var upp á voru því: Listakademía, Fab Lab, húð og hár, húsasmíði, málmsmíði, véltækni, og rafvirkjun.

Nemendur í 10. bekk hófu leikinn og komu dagana 24. ágúst – 12. október. Í þeim hópi voru einnig nemendur úr 9. bekk úr Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla en samkensla á sér stað á unglíngastigi í þeim skóla. Eftir að hópurinn hafði lokið við síðasta skiptið var send út könnun sem þau voru beðin um að svara.

Nemendur í 9. bekk komu síðan dagana 19. október – 14. desember. Á síðasta deginum voru nemendur beðnir um að svara könnuninni.

Hér á eftir verður fjallað um niðurstöður könnunarinnar.

Könnunin samanstóð af sex spurningum, þremur valkostaspurningum og þremur opnum.

10. bekkur


Alls komu 48 svör frá nemendum í þessum hóp eða 74%.

Í hvaða valgreinum varst þú?

Flestir svarenda voru í húsasmíði (21), því næst í véltækni (16) og síðan Fab Lab (14). Aðeins voru fimm svarenda í listakademíu en það var fámennasti hópurinn svo svörunin endurspeglar hópana ágætlega.


Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?

Mynd 1 sýnir að mikil ánægja var meðal nemenda í 10. bekk með valið. 87,3% þeirra voru annað hvort mjög eða frekar ánægð. Ekkert þeirra var mjög óánægt.



Mynd 1. Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið? – 10. bekkur.

Þegar nemendur voru spurðir hvaða áhrif þátttaka þeirra í verkefninu hafði á áhuga þeirra á verk- og tækninámi má sjá að hjá 42,6% nemenda var hann alveg eins og áður en hjá 53,2% jókst hann. Hann minnkaði hjá tveimur nemendum.



Mynd 2. Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhugaþinn á verk- og tækninámi? – 10. bekkur.

Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?

Í þessari opnu spurningu nefndu nemendur ýmsa kosti. Þeir koma allir hér á eftir í eigin orðum nemenda. Eins og sjá má voru helstu kostirnir að kynnast skólanum, læra nýja hluti og hitta nemendur í skólanum og úr öðrum byggðakjörnum.

Hvernig á að gera sticker

Ekki hugmynd

Geggjað

Limmiði

Ég fæ að búa til *límmiða* og eiga þá í *Fab Lab*

Límmiðar og fjör

Gott að læra

Maður lærir helling

Gott

Lærði mikið

Ég lærði margt um efnið og fékk að prufa allskonar nýtt

Lærði margt og fæ gott skurðarbretti með heim

Maður fær að prófa eitthvað nýtt

Mjög gaman og góð tilbreyting frá því að sitja inni skólastofu

Lærði fléttur

Hitta vini

Fékk að sjá vini mína frá öðrum skólum, þetta var spennandi og áhugavert, skemmtilegir kennarar

Kann núna að krulla hár

Já ég er búin að ákveða hvað mér langar ekki að gera

Fannst það mjög gaman og skemmtilegt að læra

Maður lærir margt og fær hugmyndir fyrir framtíðarvinnur

Fínt

Ekkert sérstaklega

Gaman að vinna í *völunum* og gefur smá grunn fyrir námið

Ekkert stress, maður mátti bara taka sinn tíma í allt sem var næs

Mjög gaman og lærdómsríkt

Maður lærir alveg helling á þessu *sem* gæti nýst manni í framhaldsnámi

Það var bara gaman að prófa nýja hluti

Þetta gæti algjörlega einhvern tímann komið sér vel

Lærði hvað hlutir heita og hvernig þeir virka og hvernig á að nota þá

Ég lærði meira um vélar og rafmagn

Gaman að fræðast um smíði og véltækni

Þetta var alveg smá gaman

Ég gat lært um eitthvað sem mér fannst áhugavert

Gaman að fræðast um húsasmíði og véltækni

Við lærum dót

Hjálpar mér með skólann á næsta ári

Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið

Nemendur voru einnig beðnir um að nefna einhverja ókosti við verknámsvalið. Hér má sjá þau svör í eigin orðum nemenda. Flestir nefna að dagarnir voru dálítið langir. Valið var til 15:30 og eftir það tók við heimferð sem var mislöng fyrir nemendur.

Nei

Neibb

Pússa og nota cool tæki

Enginn Varði

Ekki sem ég veit

Of stuttur tími til að gera eitthvað mikið

Ekki neitt

Maður er helvíti lengi að þessu

Langt

Svolítið langt

Neinei

Tími

Nei

Þetta er svo langt

Pásan ætti að vera aðeins lengri

Nei

Jamm

Já

Erum búin hálf 4 og það er alltof seint

Nei

Leiðinlegt

Neipp

Ekki neitt

Tímarnir voru aðeins of langir í minni skoðun

Það tekur svolítið langan tíma

Enga

Það hvað þetta er langt með rútuferð og öllu, klára daginn mjög seint

Það er lengi

Veit ekki

Við erum rosa lengi í þessu

Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?

Í lokin var opin spurning þar sem nemendum gafst tækifæri á að bæta einhverju við. Fæstir gerðu það en einhverjir lýstu þakklæti með verkefnið.

9. bekkur

Alls komu 52 svör frá nemendum í þessum hóp eða 61%.


Í hvaða valgreinum varst þú?

Flestir svarenda voru í húð og hár (20), því næst Fab Lab (16) og véltækni og rafvirkjun (14).

Aðrar greinar voru með sex til tólf svör.


Hversu ánægð/ánægður/ánægt varstu með verknámsvalið?

Mynd 3 sýnir að töluverð ánægja var meðal nemenda í 9. bekk með valið. 78,8% þeirra voru annað hvort mjög eða frekar ánægð. Engir voru óánægðir.



Mynd 3. Hversu ánægð/ur varstu með verknámsvalið? – 9. bekkur.

Þegar nemendur voru spurðir hvaða áhrif þátttaka þeirra í verkefninu hafði á áhuga þeirra á verk- og tækninámi má sjá að hjá 46,9% nemenda varð hann meiri og hjá 49% var hann alveg eins og áður. Hann minnkaði hjá einum nemanda.



Mynd 4. Hvaða áhrif hafði þátttaka þín í verknámsvalinu á áhugaþinn á verk- og tækninámi? – 9. bekkur.

Getur þú nefnt einhverja kosti við verknámsvalið?

Í þessari opnu spurningu nefndu nemendur ýmsa kosti. Þeir koma allir hér á eftir í eigin orðum nemenda. Helstu kostirnir voru að þau lærðu eitthvað nýtt og spennandi og einnig var kennurunum hrósað sérstaklega.

Gaman

Við lærum eitthvað verklegt frekar en bóklegt

Perla er geggjúð sko

Góðir kennarar

Góðir kennarar

Skemmtilegt

Vera með vinum og prófa nýja hluti

Læra hluti

Mjög gaman

Allt

Gaman að læra um hár og húð

Gaman að læra um hár og húð

Gaman í hár og húð

Læri meira

Læra eitthvað nýtt

Gaman í hár og húð

Gaman í hár og húð

Þetta var gaman og áhugavert

Þetta er verklegt

Kynnast fleiri krökkum

Ég fékk að prófa tölvudót

Að læra og sjá

Það var mjög skemmtilegt

Í rafmagnsfræði var mjög áhugavert og spennandi og maður lærir mikið en í *Fab Lab* er bara mjög gaman og maður lærir hvernig maður notar t.d 3d vél og límmiða

Skemmtilegt í husasmiði

Maður lærir

Vinna með höndunum

Færð að eiga hluti sem þú smíðar

Gaman, og fá að læra eitthvað nýtt.

Gaman að geta læra eitthvað nýtt

Ég lærði mikið

I learned something new and got inspired to be an electrician

Ég lærði nokkra hluti

Öðruvísi

Maður getur betur ákveðið hvort maður vill fara í verknám eða ekki

Getur þú nefnt einhverja ókosti við verknámsvalið

Nemendur voru einnig beðnir um að nefna einhverja ókosti við verknámsvalið. Hér má sjá þau svör í eigin orðum nemenda. Sumir nefndu að dagarnir hefðu verið langir og aðrir sáu enga ókosti.

Nei

Ekki gott vatn

Rafmagnsfræði

Nei

Ég lenti 2 í sama vali

Engir ókostir

Of langur tími

Nei

Ekki neina það er bara gott yfir höfuð

Listakademíu

listaakademian

Allt allt allt of langt og of stutt pása

Listakademia

Þetta er alltof langt mætti *stytta tímann*

Alltof lengi

Nei

Nei það er ekkert sérstakt

Það eina sem mér líkar ekki við VA er hversu lengi það er til 16:00 of mikið til 15:00 væri betra og rútutímarnir eru slakir

Nei takk

Það vantar meiri pásu

Eina sem ég get hugsað er bara að tíminn var svolítið langur...

Að við fáum mjög stuttan kaffi tíma

Nei

No

Lengur í skólanum

Tekur allt of langan tíma, kemur svo seint heim

Eitthvað annað sem þú vilt bæta við?

Í lokin var opin spurning þar sem nemendum gafst tækifæri á að bæta einhverju við. Fæstir gerðu það en einhverjir lýstu þakklæti með verkefnið og hrósuðu kennurunum.